

3. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá sem sett er samkvæmt 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr., 2. og 4. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. febrúar 1996.

Páll Pétursson.

Berglind Ásgeirsdóttir.

AUGLÝSING

um ökutækjatryggingar.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 91. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, er ákveðið að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækja samkvæmt 2. mgr. 91. gr. skuli vera 473 millj. kr. vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda og 108 millj. kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 92. gr. umferðarlaga er ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns samkvæmt 1. mgr. 92. gr. skuli vera 19 millj. kr.

3. gr.

Samkvæmt heimild í 4. málsl. 3. mgr. 6. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatryggingar, nr. 556 29. desember 1993, er ákveðið að hámark eigin áhættu váttryggingartaka samkvæmt 2. málsl. 3. mgr. 6. gr. skuli vera 81.000 kr. fyrir einstakling og 172.000 kr. fyrir rekstraraðila, svo og að hámark eigin áhættu samkvæmt 3. málsl. 3. mgr. 6. gr. skuli vera 29.000 kr.

4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar gilda frá 1. mars 1996.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um ökutækjatryggingar, nr. 130 2. mars 1995.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. febrúar 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn A. Jónsson.